

Ólíkir forsetar

Fjórir karlar og ein kona hafa gegnt embætti forseta Íslands og hafa þau öll mótað embættið með sínum hætti. Þau hafa öll þurft að taka umdeildar ákvarðanir og sett mismunandi málefni á oddinn. Hér verður farið stuttlega yfir arfleifð fyrri forseta.

Sveinn Björnsson

Sem fyrsti forseti Íslands mótaði Sveinn Björnsson embættið að mörgu leyti. Þrátt fyrir að hafa verið þingmaður, sendiherra



og ríkisstjóri Íslands, og verið umdeildur á þeim tíma er hann var kjörinn, er Sveinn talinn hafa sameinað þjóðina á bak við embættið og lagt sig fram um að halda góðu sambandi við almenning í landinu.

Sveinn hafði talsverð afskipti af stjórnvöldum á meðan hann var forseti. Hann hafði sterkar skoðanir á stjórnarmyndunum og veitti ekki alltaf stærsta flokki stjórnarmyndunarumboð. Tvívegis var lagt hart að Sveini að synja lögum um Keflavíkursamninginn og aðild Íslands að NATO staðfestingar, en í hvorugt skiptið lét hann undan. Enginn forseti hefur myndað utanþingsstjórn en Sveinn gerði það sem ríkisstjóri árið 1942 og taldi forseta hafa vald til þess líka. Þegar illa gekk að mynda ríkisstjórn árið 1949 sagði hann í þingsetningaræðu að það væri bæði réttur og skylda forseta að reyna að skipa ráðuneyti, innan þings eða utan. Hann bætti við að tækist hinu háa Alþingi ekki að skipa nýja ríkisstjórn fyrir mánaðamót myndi hann takast það sjálfur á hendur.

Ásgeir Ásgeirsson

Fyrstu almennu forsetakosningarnar voru haldnar árið 1952 og var Ásgeir Ásgeirsson, fyrrverandi forsætisráðherra, þingmaður Framsóknarflokksins og síðar Alþýðuflokks og bankastjóri Útvegsbanka Íslands, naumlega kjörinn forseti. Þrátt fyrir að miklar deilur höfðu verið um forsetakjör hans tókst almennt góð sátt um störf Ásgeirs sem forseti.



Ásgeir hélt þeirri línu sem Sveinn hafði dregið og hafði talsverð afskipti af stjórnmalunum. Vegna stjórnarkreppu árið 1953 undirbjó hann til að mynda skipan utanþingsstjórnar og notaði þá tillögu til að þrýsta á stjórnmalamenn að koma sér saman um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Þá er hann talinn hafa átt stóran þátt í að leiða saman Sjálfstæðisflokk og Alþýðuflokk, viðreisnarstjórnina, árið 1958.

Árið 1966 var skorað á Ásgeir að skjóta samningum um byggingu álverksmiðju í Straumsvík til þjóðarinnar, en Ásgeir neitaði að verða við þeirri beiðni.

Kristján Eldjárn

Þegar þjóðin kaus Kristján Eldjárn þjóðminjavörð sem forseta árið 1968 var í fyrsta sinn kjörinn forseti sem hafði aldrei tekið þátt í stjórnmalum. Kristján setti strax sinn svip á embættið og reyndi eftir

fremsta megni að halda sig til hlés í stjórnmalalífínu. Það reyndist honum hins vegar erfitt enda var mikið umrót í íslenskum stjórnmalum á þeim tíma er Kristján gegndi embættinu. Erfiðar stjórnarmyndanir urðu til þess að Kristján varð að taka erfiðar og umdeildar ákvarðanir, eins og hverjum ætti að fela stjórnarmyndunarumboð.



Vigdís Finnbogadóttir

Það vakti alheimsathygli þegar Vigdís Finnbogadóttir varð fyrsta konan í heiminum sem kosin var í lýðræðislegum kosningum til að vera forseti þjóðríkis árið 1980. Kjör hennar markaði því stór tímamót í kvennabaráttunni hér á landi, sem og um allan heim. Vigdís fylgdi stefnu Kristjáns Eldjárns um að hafa sem minnst bein afskipti af stjórnmalum og lagði áherslu á sameiningarhlutverk embættisins, rækt tungumálsins og landvernd.



Árið 1993 skoruðu um 34 þúsund manns á Vigdísu að synja lögum um Evrópskt efnahagssvæði staðfestingar, en hún taldi ekki rétt að forseti gæti beitt synjunarvaldi sínu eftir eigin geðþótta.

Ólafur Ragnar Grímsson

Enginn forseti hefur setið lengur en Ólafur Ragnar og á þessum tuttugu árum sem liðin eru frá því hann var fyrst kjörinn hefur Ólafur Ragnar gjörbreytt forsetaembættinu.



Árið 2004 neitaði Ólafur Ragnar að staðfesta lög um fjölmiðla. Þetta var í fyrsta skipti sem forseti beitti synjunarvaldi sínu og töldu margir að forseti hefði alls ekki þennan rétt. Alþingi samþykkti að lokum að afturkalla lögin og því kom aldrei til þjóðaratkvæðagreiðslu. Annað var hins vegar upp á teningnum árin 2010 og 2011 þegar Ólafur Ragnar neitaði að undirrita lög um Icesave-samningana en í báðum tilfellum felldu kjósendur lögin. Í dag efast enginn um málskotsrétt forsetans.

Þann 5. apríl síðastliðinn braut Ólafur Ragnar síðan aftur blað í sögu forsetaembættisins þegar hann varð fyrsti forsetinn til að neita beiðni forsætisráðherra um þingrof. Skömmu síðar hætti hann við að hætta sem forseti, eftir að hafa tilkynnt um afsögn sína í nýársávarpi, en með tilkomu Guðna Th. Jóhannessonar og Davíðs Oddssonar í kosningabaráttuna dró Ólafur Ragnar framboð sitt til baka aftur.